

Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum og tollalögum (úthlutun tollkvóta), 382. mál,

Frumvarpið barst Landssambandi kúabænda (LK) til umsagnar í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dagsett 19. nóvember 2019.

Landssamband kúabænda vill byrja á því að taka undir umsagnir Samband garðyrkjubænda, Sölufélag garðyrkjumanna og Landssamtaka sauðfjárbænda þar sem einföldun á umgjörð og framkvæmd tollverndar er fagnað. Aðgengilegra og gegnsærra ferli skilar skilvirkni í kerfið.

Í greinagerð frumvarpsins er rætt um mikilvægi þess að lækkanir skili sér til neytenda, LK telur að það þurfi frekari tillögur þar um heldur en aðeins aukið eftirlit þar sem slíkt virðist ekki hafa skilað sér í tengslum við verkefni sem snúa að öðrum vörum þar sem markmiðin voru svipuð t.d. þegar virðisaukaskattur hefur verið lækkaður eða vörugjöld afnumin. Þannig er ekki tryggt með frumvarpinu að neytendur njóti raunverulega tollalækkana með lægra vöruverði.

Þá kemur fram í skýrslu starfshóps um endurskoðun á regluverki um úthlutun tollkvóta að „aukning tollkvóta landbúnaðarvara á komandi árum getur haft töluverð áhrif á íslenskan landbúnað og einnig á smásölumarkað landbúnaðarvara“. Þá virðist ekki koma fram, hvernig eigi að mæta þessum mögulegu áhrifum með frekari hætti en aðeins að „gæta að hagsmunum innlendra framleiðenda“. Nú þegar ríkir ákveðin óvissa vegna opunar á innflutningi á ófrosnu kjöti og aukningu á magntollum er vafasamt að setja slíkar áætlanir fram án betri greiningar.

Það er mikil ábyrgð sett á innlenda framleiðslu þegar talað er um að tryggja fæðuöryggi „þar sem innlend landbúnaðarframleiðsla gegnir lykilhlutverki“ og ekki ljóst hvernig það markmið eigi að endurspeglast í frumvarpi þessu.

Vissulega má endurskoða regluverk um „opna tollkvóta“ og vörur sem skortur telst vera á, nýjasta dæmið þar um er innflutningur á erlendum lambahryggjum þegar skortur var sagður á innlendum. Telur LK að mögulega væri hægt að endurskoða hlutverk, forsendur og starfslag ráðgjafanefndar heldur en að leggja hana niður með öllu.

Að framansögðu leggur LK þunga áherslu á að meta þurfi möguleg áhrif frumvarpsins og þeirra mála sem nú herja að innlendri framleiðslu og einnig að stefna stjórnvalda og markmið um íslenskan landbúnað og landbúnaðarframleiðslu verði skýrð frekar með tilliti til þess sem sett er fram í greinagerð frumvarpsins.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllst,



Jóhanna María Sigmundsdóttir
Framkvæmdarstjóri Landssambands kúabænda